

Miðvikudaginn 6. september 1995.

Nr. 225/1995.

Lánasjóður íslenskra námsmanna

(Arnmundur Backman hrl.)

gegn

Hermanni Jóhannssyni**og Geir Jónssyni**

Kærumál. Skjöl. Frávísunarúrskurður staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1995, sem barst réttinum með kærumálgögnum 5. júlí sl. Um kæruheimild vísar hann til j-liðar 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1995.

Mál þetta, sem var dómtekið 7. mars 1995, er höfðað með stefnu, birtri 6. janúar 1995 og 7. janúar 1995, af Lánasjóði íslenskra námsmanna, kt. 710169-0989, Laugavegi 77, Reykjavík, á hendur Hermanni Jóhannssyni, kt. 260554-3609, Baldursbrekku 9, Húsavík, og Geir Jónssyni, kt. 180455-4699, Breiðvangi 3, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda cru þær, að stefndu verði gert að greiða 534.324 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 3. kafla laga nr. 25/1987 af 59.503 kr. frá 1. september 1992 til 1. mars 1993, af 88.356 kr. frá 1. mars 1993 til 1. september 1993, af 149.137 kr. frá 1. september 1993 til 1. mars 1994, af 178.853 kr. frá 1. mars 1994 til 3. ágúst 1994, af 534.324 kr. frá 3. ágúst 1994 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga, er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1993.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts af honum.

Mál þetta var þingfest á reglulegu dómþingi 24. janúar 1995 og dómtekið 7. mars sama ár. Hinn 1. apríl sama ár var málið endurupptekið í því skyni að gefa stefnanda kost á að gera frekari grein fyrir málalíðunum.

Úrskurður var kveðinn upp í málinu 3. maí 1995 af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, og var málinu vísað frá dómi. Stefnandi skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. maí sama ár. Með dómi Hæstaréttar 7. júní sama ár var úrskurðurinn felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samkvæmt dómi Hæstaréttar er sú niðurstaða reist á dómi réttarins, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994, þar sem komist var að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómvaldsins, . . .“. Málinu var því vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Hinn 15. júní 1995 var máli þessu enn á ný úthlutað til Áslaugar Björgvinsdóttur, dómarafulltrúa við Héraðsdóm Reykjavíkur. Sú breyting hefur orðið á stöðu fulltrúans við dómstólinn, síðan framangreindur úrskurður var kveðinn upp, að með 1. gr. laga nr. 80/1995 frá 31. maí 1995, sem öðluðust þegar gildi, var dómsmálaráðherra heimilað að skipa fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. sömu laga getur dómstjóri falið fulltrúa að annast hvers konar dómsathafnir, en þó ekki að fara með og leysa að efni til úr einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi, eða opinberum málum, frá því að þau koma til aðalmeðferðar. Í 2. gr. laga nr. 80/1995 er enn fremur kveðið á um, að ákvæði 3. mgr. 8. gr. laga nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði gildi einnig um dómarafulltrúa, en samkvæmt því getur dómsmálaráðherra vikið dómarafulltrúa frá embætti um stundarsakir, en er síðan skylt að höfða mál á hendur fulltrúanum til embættissmissis svo fljótt sem verða má. Í samræmi við framangreinda breytingu á lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði setti dómsmálaráðherra 31. maí 1995 dómarafulltrúann, sem fer með mál þetta, til þess að vera fulltrúi við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 31. maí 1995 að telja til og með 30. september 1995 til að framkvæma dómsathafnir í umboði og á ábyrgð dómstjóra. Hinn 6. júní sama ár strengdi fulltrúinn þess heit að halda stjórnskipunarlög ríkisins og landslög almennt og rækja störf sín af alúð og árvekni.

Forsendur og niðurstöður.

Við þingfestingu málsins var ekki sótt þing af hálfu stefndu. Í stefnu kemur fram, að krafa stefnanda sé vegna námslána stefnda Hermanns, sem

hann hafi tekið hjá stefnanda og séu tryggð með sjálfskuldarábyrgð stefnda Geirs. Stefnandi segir, að til skuldarinnar hafi verið stofnað með útgáfu skuldabréfa árin 1982, 1983 og 1984. Hinn 3. ágúst 1994 hafi lánið allt verið gjaldfellt vegna verulegra vanskila allt frá gjalddaga þess 1. september 1992 með ákvörðun stjórnar samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 72/1982. Stefnandi vísar meðal annars í meginreglur kröfu- og samningaréttar um greiðsluskýldu fjárskuldbindinga og laga nr. 72/1982, einkum 11. gr.

Ekki er gerð frekari grein fyrir samningum aðila. Skuldabréfunum, sem kröfur stefnanda eru reistar á, er á engan hátt lýst, og ekki er getið útgáfudags, upphaflegrar lánsfjárhæðar, lánsnúmers eða greiðsluskilmála hvers skuldabréfs um sig Þessi vanreifun málsins í stefnu brýtur verulega gegn 80. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi hefur lagt fram ljósrit fimm skuldabréfa, en aðeins eitt þeirra er þingmerkt um framlagningu, og er það nr. 2. Í skrá stefnanda um framlögð skjöl er dómskjal nr. 2 sagt vera „staðfest afrit skuldabréfa“. Á umræddum ljósritum er að finna stimpiláletrunina „Lánasjóður íslenskra námsmanna, Reykjavík“, og er þar ritað „rétt afrit staðf.“ ásamt ólæsilegri skammstöfun.

Í skriflegri sókn hefur stefnandi leitast við að rökstyðja þá skoðun sína, að ekki sé nauðsynlegt að leggja fram í dóminum frumrit ofangreindra skuldabréfa. Hann segir stefnanda vera opinbera stofnun, sem starfi samkvæmt sérstökum lögum, er um hana gildi, sbr. nú lög nr. 21/1992. Stefnandi hafi gefið út vottorð um tilvist láns til stefnda og skuldabréf þau, sem liggi til grundvallar því láni, sbr. 71. gr. laga nr. 91/1991. Ekkert liggi fyrir um, að draga megí vottorð þetta í efa á nokkurn hátt. Skuldabréfin, sem liggi innheimtu námslána stefnda til grundvallar, séu ekki hefðbundin viðskiptabréf. Þau séu nafnbref, gefin út til stefnanda, og hafi ekki viðskiptagildi, þar sem greiðslutími lánsins sé ótímabundinn og taki mið af tekjum stefnda samkvæmt skattframtölum hans, sbr. 8. gr. laga nr. 21/1992, sem engir hafi aðgang að upplýsingum úr án sérstakrar lagaheimildar. Til frekari áréttingar vísar stefnandi til efnis skuldabréfanna, en þar sé ekki að finna umsamda heimild til gjaldfellingar vegna vanskila. Slík heimild styðjist á hinn bóginn við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 21/1992. Stefnandi heldur því fram, að mikið óhagræði væri fyrir sig að leggja frumrit skuldabréfanna fram í dómi. Það stafi af því, að sér sé einungis heimilt að skuldbreyta vanskilum til tíu ára samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1992. Til hagsbóta fyrir lántakendur og þá einnig hugsanlega stefnda hafi stefnandi gert það í miklum mæli að fallast á, að gjaldfallnar afborganir séu greiddar og námslánnum þannig komið í skil, eftir að dómur hefur gengið. Þannig hafi fyrri lánessamningur í raun

verið endurvakinn eftir dómsuppsögu með samkomulagi milli aðila. Í ljósi ofangreinds um lánstímann geti mikið óhagræði hlotist af því, ef frumrit skuldaskjala væru stefnanda ekki tiltæk, ef til vanskila kæmi að nýju, til dæmis að tuttugu árum liðnum, eða ef skipta þyrfti um ábyrgðarmann, sbr. 6. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1992.

Á framangreind sjónarmið stefnanda verður ekki fallist. Samkvæmt þeim ljósrítum, sem lögð hafa verið fram, er í skuldabréfunum ákvæði um það, að rísi mál út af bréfinu, skuli lántakanda og ábyrgðarmanni láns skylt að svara til saka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og málsmeðferð þá lúta reglum 17. kafla laga nr. 85/1936. Þau lög eru í öllum efnisatriðum samhljóða 17. kafla núgildandi laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þetta ákvæði gefur vísbendingu um það, að skuldabréfin séu viðskiptabréf, en samkvæmt ákvæðum þessa kafla eru þær varnir, sem stefndi getur haft uppi í slíkum málum, mjög takmarkaðar. Stefnandi staðhæfir, að í skuldabréfunum sé „ekki að finna umsamda heimild til gjaldfellingar vegna vanskila“, en í þeim fimm ljósrítum skuldabréfa, sem lögð hafa verið fram, er ákvæði þess efnis, að lánið sé allt gjaldfallið án uppsagnar, ef lántaki standi ekki í skilum með greiðslu afborgana á réttum tíma. Hvorki í ljósrítum bréfanna né í lögum nr. 72/1982 um námslán og námsstyrki, sem voru í gildi á þeim tíma, er umrædd bréf voru gefin út, eða núgildandi lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna nr. 21/1992 er að finna bann við framsali skuldabréfa, sem námsmenn undirrita við töku láns úr sjóðnum.

Kveðið er skýrt á um það í 1. mgr. 13. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, að skjöl, sem lögð séu fram í dómi, skuli vera í frumriti, séu þau tiltæk. Þessu lagafyrirmæli hefur stefnandi ekki fylgt. Í ljósi þessa og þeirra heimilda, sem fylgt geta handhöfn skuldabréfa, verður ekki talið, að unnt sé að ganga í berhögg við fyrirmæli 1. málslíðar 1. mgr. 13. gr. laga nr. 91/1991.

Með vísan til framanritaðs þykir málatilbúnaður og málsreifun stefnanda svo ófullkomin, að ekki verði hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi án kröfu.

Úrskurðinn kvað upp Áslaug Björgvinsdóttir dómarafulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.